

ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 35.000,00, til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hrl.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem tók við málinu 1. maí 1987, kvað upp dóm þennan.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Skúli Úraniússon, sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í eitt ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hrl., kr. 35.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. október 1988.

Nr. 86/1987. **Matthías Einarsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

**Kaupfélagi Berufjarðar**

(Ólafur Axelsson hrl.)

Fjárnámsgerð felld úr gildi. Réttarfar.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson seitur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. febrúar sama ár. Hann krefst þess

að hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð frá 8. október 1986 í eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni Laufásvegi 17 Reykjavík verði hrundið og hún felld úr gildi. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal endurrit úr fúgetabók Reykjavíkur af fjárnámsgerð í málinu nr. A-694/1986 er fram fór hinn 21. janúar 1986. Þá var gert fjárnám í eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni nr. 17 við Laufásveg í Reykjavík fyrir kröfu stefnda að fjárhæð 400.000,00 krónur ásamt vöxtum og kostnaði samkvæmt dómsátt, gerðri 3. nóvember 1983, en greiðsluáskorun var birt áfrýjanda sjálfum 28. nóvember 1985.

Hinn 8. október 1986 var í fúgetarétti Reykjavíkur aftur tekið fyrir málið nr. A-694/1986 og á ný gert fjárnám fyrir sömu kröfu stefnda í sömu eign áfrýjanda.

Áfrýjandi heldur því fram að síðara fjárnámið sé markleysa, enda andstætt réttarfarslögum að bera málið undir fúgetarétt að nýju, samanber 195. gr. og 196. gr., sbr. 223. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sem beita beri í máli þessu. Sama máls efni verði aðeins borið undir fúgetarétt að nýju á grundvelli 51. gr. laga um aðför nr. 19/1887. Ekki séu hér fyrir hendi lagaskilyrði um endurupptöku aðfarargerðarinnar, enda verði ákvæðum aðfararlaga um endurnýjun fjárnáms í lausafé ekki beitt um fjárnám í fasteign. Áfrýjandi heldur því fram að hann hafi ekki fyrr en 29. september 1988 fengið vitneskju um fjárnám það sem fram fór 21. janúar 1986. Þá telur áfrýjandi að fleiri annmarkar séu á fjárnámsgerðinni 8. október 1986 sem valdi því að fella beri hana úr gildi. Hann sé ásamt þremur öðrum eigandi að hluta fasteignarinnar nr. 17 við Laufásveg og sé andlag fjárnámsins því ekki nægilega skýrt, sbr. 1. mgr. 45. gr. aðfararlaga. Þá verði eigi séð að fúgeti hafi gætt leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart þeim sem mætti af hálfu áfrýjanda við fjárnámið. Loks hafi lögmaður fjárnámsbeiðanda ekki undirritað bókun um fjárnámsgerðina í fúgetabók.

Krafa stefnda er byggð á því að hin fyrri fjárnámsgerð, sem fram fór 21. janúar 1986, hafi ekki verið notuð. Hún hafi verið endurnýjuð 8. október 1986, henni þinglýst og beðið um uppboð á grundvelli hennar. Er því haldið fram að fjárnámsgerðir hafi ekki sömu áhrif

um úrlausn sakarefnis og dómar. Samkvæmt 2. mgr. 50. gr. aðfararlaga sé heimilt að endurnýja fjárnámsgerðir í lausafé og heimilt sé að beita þeirri reglu um fasteignir. Fjárnám það sem gert var 8. október 1986 gangi hvorki á rétt annarra kröfuhafa né gerðarþola. Þá er því mótmælt að annmarkar séu á fjárnámsgerðinni sem haggi gildi hennar. Nægilegt hafi verið að geta þess að fjárnám færi fram í eignarhluta áfrýjanda í umræddri fasteign. Ekki skipti máli að lögmaður fjárnámsbeiðanda hafi ekki undirritað bókun um gerðina. Þá sé frekari leiðbeining en skráð er í fógetabók óþörf.

Á grundvelli sáttar þeirrar sem aðilar höfðu gert með sér og að undangenginni greiðsluáskorun, sem birt var áfrýjanda sjálfum, bað stefndi um að gert yrði fjárnám í eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni nr. 17 við Laufásveg hér í borg. Fór fjárnámið svo fram 21. janúar 1986. Ekki hefur verið sýnt fram á að lagagrundvöllur, sbr. 50. gr. — 52. gr. aðfararlaga nr. 19/1887, hafi verið fyrir því að gera fjárnám fyrir kröfu stefnda að nýju hinn 8. október 1986 og hefur hann enga haldbæra skýringu gefið á því sem þá fór fram. Verður að lita svo á að síðari gerðin í fógetarétti hafi ekki gildi að lögum. Ber því að taka kröfu áfrýjanda til greina.

Áfrýjandi hefur ekki greitt kröfu stefnda samkvæmt framangreindri sátt.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 8. október 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 8. október, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Laufásvegi 17 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurðsson sýni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið A-694/1986 Kaupfélag Berufjarðar gegn Matthíasi Einarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 sátt fógetaréttar Rvíkur í málinu nr. 2990/1983 ásamt birtri greiðsluáskorun. Nr. 1 og 2 fylgja með í ljósriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ólafur Axelsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir

kr. 400.000,00 með 5% mánaðarv. frá 22.6. 1983 til greiðsludags, kr. 1.068,00 í bankakostnað, kr. 42.674,00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 1.140,00 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Jón Guðjónsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis gerir fógeti fjárnám í eignarhluta gerðarþola Laufásvegi 17. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 6. október 1988.

Nr. 114/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Gylfa Árnasyni**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Þjófnaður. Skilorð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. apríl 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig að refsing ákærða verði þyngd og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega, að refsing ákærða verði ákveðin með hæfilegri sekt, en til vara að héraðsdómur verði stað-